

Alþingi  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd  
150 REYKJAVÍK



## Persónuvernd


Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 22. maí 2017  
Tilvísun: 2017050739DS/--

Persónuvernd vísar til beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 8. maí 2017 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands (þskj. 450, 331. mál á 146. löggjafarþingi).

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 68/2011 um rannsóknarnefndir segir að forseti Alþingis skipi rannsóknarnefnd ef Alþingi samþykkir ályktun þar um. Gert er að skilyrði í ákvæðinu að um ræði mikilvæg mál sem almenning varða. Í umræddri þingsályktunartillögu felst það mat flutningsmanna að svo sé. Persónuvernd tekur ekki efnislega afstöðu til þess mats. Komi hins vegar til umræddrar rannsóknar leggur Persónuvernd áherslu á að við framkvæmd hennar verði farið að ákvæðum laga nr. 68/2011; að vinnsla persónuupplýsinga við rannsóknina samrýmist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga að því marki sem rannsóknin er ekki undanþegin þeim lögum, sbr. 14. gr. laga nr. 68/2011; og að gætt verði stjórnarskrárvarinna réttinda að því marki sem rannsóknin kann að fela í sér íhlotun í friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

F.h. Persónuverndar,

  
Þórður Sveinsson

  
Gunnar Ingi Ágústsson



17. maí 2017  
Tilv. 1705025

Nefndasvið Alþingis  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd  
Alþingi  
Reykjavík

Með tölvupósti dags. 8. maí 2017 óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands, 331. mál.

Framkvæmd gjaldeyrisútboða Seðlabanka Íslands var liður í áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshaftha sem kynnt var á árinu 2011. Á þeim tíma stóðu stjórnvöld frammi fyrir þeim vanda að í gegnum erlend fjármálafyrirtæki áttu erlendir aðilar miklar skammtímakröfur í íslenskum krónum, á innlenda aðila, svokallaðar aflandskrónur, einkum í formi innstæðna og stuttra og auðseljanlegra ríkisskuldabréfa. Forsenda þess að hægt yrði að losa um fjármagnshöftin var að lausn fyndist á þessum vanda. Fyrsti áfangi áætlunarinnar um losun hafta fólst í að draga úr áhættu sem aflandskrónueignir myndu skapa, m.a. á gjaldeyrismarkað, gengi og gjaldeyrisforða, við losun fjármagnshaftha með röð útboða þar sem aflandskrónueignum var boðið að selja krónueignir sínar fyrir erlendan gjaldeyri. Útboðin voru haldin á árunum 2012 til 2015. Sérstakt útboð var svo haldið í júní 2016 eftir að lög voru sett til að afmarka aflandskrónueignir með tryggum hætti svo unnt yrði að hefja losun fjármagnshaftha á heimili og fyrirtæki, sbr. lög nr. 37/2016 um krónueignir sem háðar eru sérstökum takmörkunum.

Vegna takmarkaðs gjaldeyrisforða þegar útboðin voru hafin leit út fyrir að taka myndi mörg ár ef ekki áratugi að skapa skilyrði fyrir fulla losun fjármagnshaftha nema langtímafjárfestar yrðu fengnir að borðinu í því skyni að leysa út skammtímafjárfesta. Markmið fjárfestingarleiðarinnar var þannig að koma skammtímaeignum í form langtímaeigna og fjárfestar sem tóku þátt í fjárfestingarleiðinni skuldbundu sig til að halda á fjárfestingum sínum í a.m.k. fimm ár. Þannig bauðst langtímafjárfestum að kaupa krónur fyrir óskilaskyldan erlendan gjaldeyri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og aflandskrónueignum að selja krónueignir sínar í skiptum fyrir þann erlenda gjaldeyri, hvort tveggja á útboðsgengi sem réðst af tilboðum sem bárust frá fjárfestum annars vegar og aflandskrónueignum hins vegar. Þannig gegndi Seðlabankinn eins konar milligönguhlutverki í viðskiptum þeirra á milli og án þess að bankinn þyrfti að verja takmörkuðum gjaldeyrisforða sínum í

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Því skyni. Útboðin sem haldin voru á árunum 2012 til 2015 höfðu því ekki áhrif á gjaldeyrisforða en lækkuðu stöðu aflandskrónueigna verulega.

Seðlabanki Íslands hefur gert rækilega grein fyrir öllum þáttum áætlunarinnar um losun fjármagnshafta sem lauk að mestu leyti í mars sl., þ.m.t. gjaldeyrisútboðum og fjárfestingarleiðinni. Framkvæmdin gekk vel, var skipuleg og gagnsæ og upplýsingar hafa verið veittar um hana, nú síðast í ítarlegu svari við fyrirspurn á Alþingi til fjármála- og efnahagsráðherra um fjárfestingarleið Seðlabankans sem lagt verður fram á næstu dögum. Til frekari glöggvunar á fjárfestingarleiðinni og framkvæmd hennar er vísað til þess sem fram mun koma í svarinu við fyrirspurninni.

Með vísan til þess sem segir í greinargerð með þingsályktunartillögunni að skattayfirvöldum hafi ekki verið gert viðvart af hálfu Seðlabankans þegar um grunnsamlegar fjármagnsfærslur var að ræða skal tekið fram að í samræmi við beiðnir embættanna voru Ríkisskattstjóra og Skattrannsóknarstjóra veittar upplýsingar um þátttakendur í fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands.

Telji nefndin þörf á frekari upplýsingum eftir að hún hefur kynnt sér svar fjármála- og efnahagsráðherra er Seðlabanki Íslands tilbúinn að veita þær sé honum það unnt.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI  
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 REYKJAVÍK

BK/eeg/17/1161

17. maí 2017

Tilvísun: 2017050047/08.01.00

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands, þskj. 450, 331. mál.**


Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist tölvupóstur frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, 8. maí 2016, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands, þingskjal 450, 331. mál. Af því tilefni er stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis látin í té svohljóðandi

**u m s ö g n:**

Tillagan felur í sér að Alþingi álykti, í samræmi við ákvæði laga um rannsóknarnefndir, að gerð verði rannsókn á fjárfestingaleið Seðlabanka Íslands. Er m.a. lagt upp með að nefndin geri grein fyrir „hvort ríkissjóður hafi orðið af skatttekjum vegna þessa og þá hversu stórt umfang slíks taps hafi verið“, eins og fram kemur í e-lið 2. mgr. þingsályktunartillögunnar.

Í þessu samhengi þykir skattrannsóknarstjóra ríkisins rétt að upplýsa nefndina um að embættið hefur óskað eftir og fengið gögn og upplýsingar frá Seðlabanka Íslands um þá aðila sem nýttu sér nefnda fjárfestingaleið. Kann greining og frekari úrvinnsla þeirra gagna eftir atvikum að leiða til frekari aðgerða af hálfu embættis skattrannsóknarstjóra, vakni grunur um skattundanskot í tengslum við nefnda leið.

Virðingarfyllst,



Bryndís Kristjánsdóttir,  
skattrannsóknarstjóri